

Mál nr. 446/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Sönnun. Umfang tjóns.

Gögn.

1. Málskot móttakið 20. nóvember 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 3. desember 2024, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í tjónstillkynningu M til V, dags. 16. október 2024, kemur fram að atvik máls hafi verið með þeim hætti að bifreið A, sem M ók, hafi verið ekið inn á tiltekið bílastæði í leit að stæði. Á sama tíma hafi bifreið B verið bakkað út úr stæði og á A. Hafi B verið á mjög litlum hraða þegar áreksturinn varð, en á því tímamarki hafi A verið stopp. Mjög litlar skemmdir hafi orðið á A og B, eitthvert nudd á lakki A en meiri skemmdir á B að því að virtist. Síðan upplýsir M að þar sem hann hafi verið að flýta sér með sjúkling sem átti að mæta í aðgerð hafi ekki gefist tími til þess að ganga frá skýrslu á staðnum. Þá hafi það ekki flýtt fyrir að ökumaður B hafi ekki verið mæltur á íslenska tungu. Í ökutækjaskýrslu sem fyrirtækið Aðstoð & öryggi gerði er haft eftir ökumanni B að hún hafi bakkað á A í umrætt sinn en að ekkert sjáanlegt tjón hafi verið á bifreiðunum eftir áreksturinn. Þá liggur fyrir í málinu eftirfarandi framburður ökumanns B: „Ég var að reyna fara út af bílaplaninu. Ég heyrði smá læti þegar ég bakkaði út úr stæðinu. Ég sá ekkert nýtt tjón á hinum bílnum eftir áreksturinn. Hinn ökumaðurinn vildi ekki gera neitt í málinu og sagðist ekki sjá neitt tjón. Ég bauðst til að hafa samband við árekstur.is eða lögregluna en hann vildi það ekki. Ég fór því í burtu eftir þetta.“

Í málskoti kemur fram að M telur það rangt að ekkert hafi sést á A eftir áreksturinn. Hið rétta sé, eins og komi fram í tilkynningunni um tjónið til V, að það hafi sést skemmdir á A, nokkuð sem hann hafi bent ökumanni B á. Skemmdirnar hafi hins vegar ekki verið miklar. M ítrekar síðan að hann hafi ekki haft tök á því að ganga frá tjónaskýrslu á vettvangi.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 3. desember 2024, kemur fram að ekki sé ágreiningur milli aðila um málsatvik. Ágreiningurinn snúi því aðeins að því hvort það liggi fyrir að skemmdir á A séu af völdum B og ef svo er hvert umfang tjónsins sé. Bendir V síðan á að í niðurlagi fyrirbyggjandi skýrslu frá Aðstoð & öryggi komi fram að skýrsluritari geti ekki með vissu sagt að tjónið á A sé vegna árekstursins milli A og B. Þá vísar V einnig til framangreinds vitnisburðar ökumanns B. V, telur að allt framangreint eigi að leiða til þess að það teljist ósannað að skemmdir á A verði raktar til árekstursins.

Álit.

Af ofangreindu má ráða að ekki er ágreiningur milli aðila um tildrög áreksturs milli A og B. Ágreiningurinn snýr því eingöngu að því hvort það teljist sannað að skemmdir á A séu af völdum B. Það er M að sanna að svo sé. Í málinu liggur fyrir skýrsla frá Aðstoð & öryggi þar sem skýrsluhöfundur treystir sé ekki til að fullyrða að tjónið á A verði rakið til B. Þá liggur jafnframt fyrir framburður ökumanns B þess eðlis að hún hafi ekki séð neitt tjón á A eftir áreksturinn og M hafi staðfest að svo væri.

Þegar litið er til þeirra gagna sem liggja fyrir nefndinni, ekki síst niðurstöðu í skýrslu frá Aðstoð & öryggi, verður að telja að ekki sé unnt að leggja frásögn annars ökumanns til grundvallar umfram frásögn hins varðandi meint tjón á A. Það er því niðurstaða nefndarinnar að M hafi ekki tekist að sanna að tjón á A hafi verið af völdum B. Hann eigi því þegar af þeirri ástæðu ekki rétt á að fá tjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á að fá tjónið á ökutækinu A bætt úr ábyrgðartyggingu ökutækisins B hjá V.

Reykjavík, 31. mars 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir